

REGLUGERÐ

um innskatt.

I. KAFLI

Almenn ákvæði um innskatt.

1. gr.

Aðili sem skráður hefur verið skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, má telja til innskatts þann virðisaukaskatt sem frá og með skráningardegi fellur á kaup hans á skattskyldum vörum og þjónustu til nota í rekstrinum, enda byggist innskattskrafa hans gagnvart ríkissjóði á skjölum og bókhaldi sem fullnægjandi er samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum sem keypt eru fyrir skráningardag. Sama gildir ef gögn og bókhald, sbr. 1. mgr., er ófullnægjandi.

2. gr.

Eigi er heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum er varða eftirfarandi:

1. Kaffistofu eða mötuneyti skattaðila og hvers konar fæðis kaup hans. Þó er heimilt, að teknu tilliti til annarra ákvæða reglugerðar þessarar, að telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim hluta byggingar sem nýttur er undir kaffistofu eða mötuneyti, svo og af múr- og naglföstum innréttingum í þeim hluta byggingar. Hins vegar er ekki heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af lausum innréttingum, húsgögnum, tækjum og áhöldum til nota í kaffistofu eða mötuneyti.

Selji skattaðili starfsmönnum fæði telst virðisaukaskattur af hráefni, orku og aðkeyptri þjónustu í því sambandi til innskatts eftir almennum reglum.

2. Öflun eða rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn. Skiptir ekki máli í þessu sambandi þótt aðili noti húsnæðið einnig vegna atvinnu sinnar. Til íbúðarhúsnæðis teljast einnig geymsluherbergi og bifreiðageymsla sem byggð er í venjulegum tengslum við íbúð.

3. Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna.

4. Öflun og rekstur orlofsheimila, sumarbústaða, barnaheimila og þess háttar fyrir eiganda eða starfsmenn.

5. Risnu og gjafir. Til innskatts má þó telja virðisaukaskatt af innkaupum verðlítés smávarnings sem bersýnilega er ætlaður til notkunar í auglýsingaskyni.

6. Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða, þ.m.t. skutbifreiða (station) og jeppabifreiða, fyrir níu menn eða færri, enda hafi aðili ekki með höndum sölu eða leigu þessara bifreiða. Um innskatt vegna annarra ökutækja fer skv. 9. gr.

II. KAFLI

Innkaup sem ekki varða eingöngu sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu.

3. gr.

Blönduð starfsemi.

Aðili, sem hefur með höndum blandaða starfsemi, þ.e. starfsemi sem er að hluta virðisaukaskattsskyld en að hluta undanþegin skattskyldu, sbr. 2. gr. laga nr. 50/1988, með síðari breytingum, getur talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem fellur á kaup hans á vörum og þjónustu, eftir því sem nánar er ákveðið í 4.-5. gr. reglugerðar þessarar, sbr. þó sérreglur um ýmis innkaup í 7.-9. gr.

4. gr.

Að teknu tilliti til annarra ákvæða reglugerðar þessarar er aðila með blandaða starfsemi heimilt að telja að fullu til innskatts virðisaukaskatt af vörum og þjónustu sem eingöngu er keypt til nota við hinn skattskylda hluta starfseminnar.

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af vörum og þjónustu sem eingöngu varðar hinn skattfrjálsa hluta starfsemi aðila með blandaða starfsemi.

5. gr.

Virðisaukaskatt af aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum og þjónustu, sem keypt er til nota bæði vegna skattskylds þáttar í starfsemi aðila og skattfrjáls þáttar (blönduð not), er heimilt að telja til innskatts í sama hlutfalli og sala skattskyldrar vöru og þjónustu (án virðisaukaskatts) hvers reikningsárs er af heildarveltu ársins. Við þennan útreikning skal ekki taka tillit til sölu rekstrarfjármuna o.fl., sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988.

Innan hvers reikningsárs má nota hlutfallstölu næstliðins reikningsárs við útreikning innskatts. Við skil vegna síðasta tímabils hvers árs skal fara fram afstemming á innskattsfrádrætti liðins árs. Á fyrsta ári virðisaukaskattsskyldrar starfsemi skal hlutfallstalan reiknuð til bráðabirgða fyrir hvert einstakt uppgjörstímabil, en endanlegt uppgjör fari fram við skil vegna síðasta tímabils ársins.

Ríkisskattstjóri gefur út sérstök eyðublöð sem nota skal við afstemmingu skv. 2. mgr.

6. gr.

Eigin not.

Nú eru innkaup skattaðila bæði vegna sölu hans á skattskyldum vörum og þjónustu og til einkanota eða annarra nota sem ekki varða rekstur hans, og má þá telja virðisaukaskatt af slíkum innkaupum til innskatts að því leyti sem þau teljast varða virðisaukaskattsskyldan rekstur.

Skattstjóri skal taka mið af þeim reglum og þeirri framkvæmd sem mótað hefur við tekjuskattsálagningu þegar hann leggur mat á hvort innkaupum sé réttilega skipt milli skattskylds reksturs og einkanota.

7. gr.

Sérreglur um fasteignir og ökutæki.

Við nýbyggingu húsnæðis, þ.m.t. viðbyggingu, sem að sérgreindum hluta (ákveðin herbergi eða hæð í húsi) er ætlað til nota fyrir skráða starfsemi en að öðru leyti ætlað til nota sem ekki hefur í för með sér rétt til frádráttar innskatts, má skattaðili telja virðisaukaskatt af samtals kostnaði við byggingarframkvæmdir til innskatts í sama hlutfalli og byggingarkostnaður þess hluta sem byggður er til nota fyrir skráða starfsemi er af heildarbyggingarkostnaði. Ef gæði einstakra hluta húsnæðis, sem nýttir eru á mismunandi hátt, eru sambærileg, er heimilt að skipta skattinum í því hlutfalli sem flatarmál þess hluta húsnæðisins sem notað er fyrir skattskyldan rekstur er af heildarflatarmáli húsnæðisins.

Húsnæði, sem leigt er út, telst ekki notað fyrir skattskyldan rekstur nema leigusali hafi skráð sig frjálssri skráningu skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1988. Um íbúðarhúsnæði fer skv. 2. tölul. 2. gr. reglugerðar þessarar.

Virðisaukaskatt vegna endurbóta, viðgerða og viðhalds þess húsnæðis sem um ræðir í 1. mgr. má telja til innskatts að því leyti sem framkvæmdir varða beinlínis þann hluta húsnæðis sem notaður er fyrir skattskyldan rekstur aðila. Skilyrði er að seljandi vinnu eða þjónustu taki fram á söluveikningi sínum við hvaða hluta húsnæðis hafi verið unnið.

Varði framkvæmdir við endurbætur, viðgerðir og viðhald ekki beinlínis ákveðinn hluta húsnæðis, t.d. viðhald utanhúss eða við sameiginlegt lagnakerfi, má skattaðili miða útreikning innskatts við það hlutfall sem flatarmál þess hluta húsnæðis sem notuð er vegna skattskyldrar starfsemi hans er af heildarflatarmáli húsnæðisins.

8. gr.

Nú notar skattaðili sama hluta húsnæðis jöfnum höndum fyrir skattskylda starfsemi og skattfrjálsa og er þá heimilt að miða útreikning innskatts við meginreglur 3.-6. gr. að því leyti sem ekki er unnt að skipta virðisaukaskatti eftir reglum 7. gr. Við útreikning innskatts vegna lagna, viðgerða og viðhalds annarra fasteigna en húsbygginga, þ.m.t. vegna lóðaframkvæmda, skal fara eftir ákvæðum 3.-6. gr.

9. gr.

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna öflunar eða leigu eftirtalinna ökutækja nema þau séu eingöngu notuð vegna sölu skattaðila á vörum eða skattskyldri þjónustu:

1. Sendi- og vörubifreiða með leyfðri heildarþyngd 5.000 kg eða minna, sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. Skráð flutningsgeta í fólksrými skal vera minni en helmingur af skráðri burðargetu bifreiðar. Miða skal við að hver maður vegi 75 kg.

b. Farmrými, opið eða lokað, aftan við öftustu brún sætis eða millipils skal vera a.m.k. 1700 mm að hleðsludryrum eða hlera. Sé það styttra skal það þó vera lengra en fólksrymið, mælt frá miðri framrúðu.

c. Í farmrými mega hvorki vera sæti, né annar búnaður til farþegaflutninga. ~~Sé bifreið breytt úr fólksbifreið í sendi- eða vörubifreið skulu sæti í farmrými fjarlægð með varanlegum hætti, t.d. þannig að sætisfestingar séu einnig fjarlægðar.~~

2. Hópbifreiða I, þ.e. bifreiða sem aðallega eru ætlaðar til fólksflutninga fyrir 9 farþega eða fleiri, með leyfða heildarþyngd 5000 kg eða minna.

3. Hópbifreiða II, þ.e. bifreiða sem aðallega eru ætlaðar til fólksflutninga fyrir 9 farþega eða fleiri, með leyfða heildarþyngd yfir 5000 kg.

4. Bifhjóla.

5. Torfærutækja, þ.e. vélsleða, tví-, þrí- og fjórhjóla.

6. Loftpúðatækja.

Skilyrði þess að telja meg til innskatts virðisaukaskatt af öflun bifreiðar skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. er að hún sé auðkennd skráningarmerkjum af því tagi sem greinir í reglugerð nr. 523/1988, um skráningu ökutækja með síðari breytingum. Þessi regla gildir þó ekki um sérútbúnað bifreiðar sem um ræðir í 3. mgr. bifreiðar eignaleigufyrirtækja þegar leigutaki hefur ekki rétt til innskatts af leigugjaldi svo og bifreiðar bilaleigufyrirtækja.

Ökutæki skal ekki talið notað eingöngu vegna sölu á vörum eða skattskyldri þjónustu ef það er notað af eiganda þess eða starfsmanni hans til einkanota þ.m.t. til aksturs milli heimilis og vinnustaðar. Bifreið, sem er sérútbúin til viðgerðarþjónustu og greinilega merkt viðkomandi atvinnufyrirtæki, má þó geyma við heimili starfsmanns eða eiganda enda sé hún þá notuð til að sinna fyrirvaralausum útköllum. Sækja skal sérstaklega um heimild til slíkra nota til skattstjóra.

Ákvæði 2.-6. gr. gilda um útreikning innskatts vegna reksturs þeirra ökutækja sem um ræðir í 1. mgr.

10. gr.

Um innskatt ríkisstofnana, sveitarfélaga o.fl.

Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla mega ríki, bæjar- og sveitarfélög og stofnanir og fyrirtæki þeirra, sem skattskyld eru skv. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988, einungis telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim aðföngum sem eingöngu varða sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu. Hið sama gildir um aðra virðisaukaskattsskylda aðila sem undanþegnir eru tekju- og eignarskatti skv. 4. gr. laga nr. 75/1981. Þá á hið sama við um innskatt af skattskyldum eigin notum þeirra aðila er greinir í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988.

III. KAFLI

Sala rekstrarfjármuna.

11. gr.

Sala eða afhending véla, tækja og annarra rekstrarfjármuna telst að fullu til skattskyldrar veltu aðila þótt hann hafi aðeins fengið virðisaukaskatt vegna öflunar þeirra frádreginn sem innskatt að hluta.

Hafi ekki mátt telja virðisaukaskatt vegna kaupa ökutækis til innskatts, sbr. 6. tölul. 2. gr. og 9. gr., telst sala ökutækisins ekki til skattskyldrar veltu.

IV. KAFLI

Leiðrétting innskatts af varanlegum rekstrarfjármunum.

12. gr.

Skattskyldur aðili skal leiðrétta (bakfæra) innskatt vegna skattskyldrar starfsemi sinnar verði breyting á forsendum fyrir frádrætti innskatts vegna öflunar eftirtalinnna varanlegra rekstrarfjármuna:

1. Véla, tækja áhalda, innréttinga og annarra lausafjármuna sem rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur, enda nemi kaupverð (stofnverð) einstakrar eignar eða eignasamstæðu a.m.k. 109.500 kr. (án virðisaukaskatts) eftir að það hefur verið framreiknað samkvæmt byggingarvísitölu.

2. Fasteigna. Leiðréttingarskyldan tekur til innskatts af efni, vinnu, tækjanotkun o.fl. vegna nýbyggingar, endurbyggingar og endurbóta, svo og vegna viðgerða og viðhalds, enda sé samtals verðmæti þessara framkvæmda a.m.k. 500.000 kr. (án virðisaukaskatts) eftir að það hefur verið framreiknað samkvæmt byggingarvísitölu.

Fjárhæðir skv. 1. mgr. skulu 1. janúar ár hvert taka breytingu samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Við framreikning fjárhæða skv. 1. mgr. skal miða við byggingarvísitölu þess mánaðar þegar rekstrarfjármuna skv. 1. og 2. tölul. er aflað og byggingarvísitölu þess mánaðar þegar leiðrétting innskatts á sér stað.

13. gr.

Það telst breyting á forsendum fyrir frádrætti á innskatti þegar skattaðili naut fulls frádráttarréttar eða frádráttar að hluta þegar eign var keypt eða þegar verk var unnið, en eignin er síðar seld, leigð eða tekin til annarrar notkunar þar sem skattaðila ber enginn frádráttarréttur eða minni frádráttarréttur. Það telst einnig breyting á forsendum fyrir frádrætti á innskatti þegar ökutæki skv. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. er breytt þannig að ökutækið uppfylli ekki skilyrði þau sem tilgreind eru skv. 1. tölul. 1. mgr. Þótt ekki sé um breytta notkun ökutækis að ræða. Jafnframt skal leiðrétta innskatt vegna öflunar eignar, sem falla undir 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. og notaðar eru við blandaða starfsemi, ef hlutfallstala skv. 5. gr. lækkar um 10 prósentur eða meira frá því ári þegar eignar var aflað.

Leiðréttingarskylda fellur niður í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar sala eða afhending rekstrarfjármuna telst til skattskyldrar veltu skattaðila, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988 og 11. gr. reglugerðar þessarar.

2. Þegar eign er seld nauðungarsölu.

3. Þegar fasteign er leigð út og leigusali er skráður fjálsri skráningu, sbr. reglugerð nr. 577/1989, um fjálssa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.

Heimilt er skattaðila að leiðrétta til hækkunar innskatt vegna öflunar eignar skv. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr., sem notaðar eru við blandaða starfsemi, ef hlutfallstala skv. 5. gr. hækkar um 10 prósentur eða meira frá því ári þegar eignar var aflað.

14. gr.

Leiðrétta skal innskatt vegna öflunar lausafjármuna, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr., verði breyting á forsendum frádráttar á næstu fimm árum talið frá og með þeim mánuði þegar eignanna var aflað. Leiðrétta skal innskatt vegna framkvæmda sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. verði breyting á forsendum frádráttar á næstu tíu árum talið frá og með þeim mánuði þegar framkvæmd fór fram. Heimild til leiðréttingar skv. 3. mgr. 13. gr. fellur niður eftir fimm ár talið frá og með kaupmánuði.

Breytist notkun eignar í sama mánuði og frádráttur innskatts fer fram nær leiðréttingarskylda til allrar þeirrar fjárhæðar sem dregin hefur verið frá sem innskattur. Breytist notkun síðar skal framreikna frádreginn innskatt samkvæmt byggingarvísitölu. Þannig framreiknaðan innskatt skal leiðrétta á eftirfarandi hátt:

1. Vegna lausafjármuna, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr., er leiðréttingarskyldan 80% á næsta ári eftir því ári þegar innskattsfrádráttur fór fram, 60% á þar næsta ári og lækkar síðan um 20 prósentur árlega. Fyrir hvert tímabil sem er skemmra en eitt ár (12 mánuðir) er leiðréttingarskyldan 1,67% á mánuði.

2. Vegna fasteigna, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 12. gr., er leiðréttingarskyldan 90% á næsta ári eftir því ári þegar innskattsfrádráttur fór fram, 80% á þar næsta ári og lækkar síðan um 10 prósentur árlega. Fyrir hvert tímabil sem er skemmra en eitt ár (12 mánuðir) er leiðréttingarskyldan 0,83% á mánuði.

Við breytingu á hlutfallstölu skv. 5. gr. skal leiðrétting vegna hvers einstaks reikningsárs nema 1/5 að því er varðar eignir sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. en 1/10 að því er varðar fasteignir, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 12. gr., af þeirri innskattsfjárhæð sem dregin hefur verið frá sem innskattur.

Leiðréttingarfjárhæðina skal leiðrétta á innskattsreikningi á því tímabili þegar leiðrétting skal eiga sér stað.

Við leiðréttingu innskatts skal fylla út sérstaka leiðréttingarskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

15. gr.

Við kaup fasteignar getur kaupandi yfirtekið leiðréttingarskyldu vegna eftirstöðva tímabils skv. 14. gr. að því leyti sem hann hefur frádráttarrétt vegna eignarinnar. Seljandi skal leiðrétta innskatt að því leyti sem frádráttarréttur kaupanda kann að vera minni en seljanda. Að öðru leyti fellur leiðréttingarskylda seljanda samkvæmt reglugerð þessari niður.

Þegar eignaryfurfærsla á fasteign, vélum eða öðrum rekstrarfjármunum á sér stað í sambandi við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, á leiðréttingartímabilinu, getur kaupandi, sem hefur minnst sama frádráttarrétt vegna rekstrarfjármuna og seljandi hafði við öflun, yfirtekið alla leiðréttingarskylduna vegna eftirstöðva tímabilsins. Sé frádráttarréttur kaupanda minni en seljanda, getur kaupandi yfirtekið þann hluta leiðréttingarskyldunnar sem hann á rétt á og skal seljandi þá standa skil á þeirri leiðréttingarskyldu sem eftir er.

Tilkynna skal skattstjóra um yfirtöku leiðréttingarskyldu samkvæmt þessari grein. Tilkynning skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

16. gr.

Um bókhald og varðveislu gagna vegna breytingar á forsendum fyrir frádrætti innskatts fer samkvæmt reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 16. gr., sbr. 49. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi nú þegar. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 81/1991, um innskatt, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bifreiðar sem skulu auðkenndar skráningarmerkjum skv. 2. mgr. 9. gr. og skráðar hafa verið fyrir gildistöku reglugerðar þessarar hafa frest til að skipta um skráningarmerki til 30. júní 1993, sbr. 63. gr., ákvæði til bráðabirgða III, laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.

- Fjármálaráðuneytið, 18. maí 1993. -

- F.h.r. -

- Indriði H. Þorláksson -

- Jóni H. Steingrímsson -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.